




Ársskýrsla 2025



Orkídea





Orkídea er hreyfiafl nýsköpunar á Suðurlandi. Í nánu samstarfi við atvinnulíf og vísindasamfélag breytum við grænni orku og hugviti í sjálfbæra matvælaframleiðslu og líftækni framtíðarinnar.

Markmið okkar er skýrt:

Að gera íslenskar afurðir samkeppnishæfari á heimsvísu og festa Suðurland í sessi sem alþjóðlega fyrirmynd í hringrásarhagkerfinu.



Orkídea

„Sjálfbær framleiðsla selur“

Árið 2025 var ár mikillar grósku hjá Orkídeu. Við settumst niður með Sveini Aðalsteinssyni framkvæmdastjóra Orkídeu og ræddum um árið sem leið, mikilvægi hringrásarhagkerfisins fyrir íslenska bændur og spennandi framtíðarsýn fyrir Suðurland.



„Það snýst um afkomu og rekstraröryggi en í stóra samhenginu snýst þetta líka um fæðuöryggi og orkuöryggi.“

Sveinn Aðalsteinsson
framkvæmdastjóri
Orkídeu

Árið gert upp og mikilvægi lífgasvinnslu

Þegar þú horfir í baksýnisspegilinn og gerir upp árið 2025, hvað stendur hæst og hver er þín tilfinning fyrir þeim verkefnum sem Orkídea hefur verið að vinna að?

Það er af mörgu að taka. Okkur miðaði vel áfram í þeirri vegferð að benda á kosti lífgasvinnslu á mykju og öðrum lífrænum straumum og hvaða ávinningi hún getur skilað til bænda. Okkar markmið er að fá a.m.k. eitt staðbundið lífgasver í gang fljótlega þannig að bændur geti sjálfir séð með eigin augum kosti og galla þessarar aðferðar. Við lifum á óvissutímum og allar líkur á að áburðarverð og olíuverð hækki. Það snýst um afkomu og rekstraröryggi en í stóra samhenginu snýst þetta líka um fæðuöryggi og orkuöryggi. Okkur hefur líka miðað vel áfram í umsóknum í Evrópusjóði og það skýrist vonandi árið 2026. Einnig má nefna að við vorum svo heppin að fá nýja starfsmenn til liðs við okkur, það eru þeir Einar Mäntylä, reyndur frumkvöðull frá Orf Líftækni og áður framkvæmdastjóri Auðnu, og Stefán Friðrik Friðriksson, annar reynslubolti, sem mun sjá um kynningarmálin fyrir okkur.

Mikið hefur verið rætt um verkefni Terraforming LIFE og Value4Farm á liðnu ári. Ef þú ættir að útskýra kjarna þeirra á mannamáli – hvert gæti hlutverk þessara verkefna verið fyrir framtíð matvælaframleiðslu og hringrásar á Íslandi?

Bæði verkefni snúast um að auka hringrás næringarefna í landbúnaði með lífgastækni. Í Terraforming LIFE er markmiðið að vinna orku og áburð úr fiskúrgangi landeldis og búfjáraburði og í Value4Farm er ætlunin að kanna fýsileika staðbundins lífgasvers í uppsveitum Árnessýslu sem nýtir kúamykju og garðyrkjuúrgang til að framleiða orku, koltvísýring í garðyrkjuna og góðan áburð á tún.

Alþjóðlegt samstarf og samkeppnisforskot

Orkídea hefur tekið virkan þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum styrktum af Evrópusambandinu. Hvaða þýðingu hefur þessi sterka alþjóðlega tenging fyrir nýsköpunarstarf á Suðurlandi?

Fyrir utan erlent fjármagn sem verkefni færa inn á Suðurland er aðalávinningurinn tengsl við ráðgjafa og háskóla erlendis og sú mikla þekking sem við fáum aðgang að, þekkingu sem við nýtum til hagsbóta fyrir íslenska bændur og aðra matvælaframleiðendur.

Samstarf við bændur og matvælaframleiðendur á Suðurlandi er ein af grunnstoðum Orkídeu. Hvaða tækifæri sérð þú fyrir hefðbundinn landbúnað í hringrásarhagkerfinu?

Aðalávinningur okkar á Suðurlandi er að koma lífrænum áburðarefnum, sem ekki eru nýtt í dag, inn í ræktun aftur. Til dæmis úrgang frá landbúnaði og matvælaíðnaði af ýmsu tagi. Ég sé líka að við setjum aukinn kraft í orkuskipti í landbúnaði þar sem stærrí vélar nýta metan sem bændur framleiða sjálfir.

Hvernig getur betri nýting á hliðarstraumum og svokallaðri ónýttri orku raunverulega eflt samkeppnisstöðu sunnlenskra fyrirtækja á bæði innlendum og erlendum mörkuðum?

Í fyrsta lagi dregur góð nýting hliðarstrauma úr rekstrarkostnaði, t.d. við áburðarkaup, sem eykur fyrirsjáanleika og rekstraröryggi og dregur úr sóun. Í öðru lagi er ónýtt orka, t.d. í mykju af ýmsu tagi, nýtanleg til rafmagnsframleiðslu og til upphitunar t.d. á svokölluðum köldum svæðum. Í þriðja lagi fá framleiðendur góða sögu sem þeir segja neytendum því sjálfbær framleiðsla selur. Síðast en ekki síst er það skylda okkar að skila jörðinni jafngóðri eða betri til afkomenda okkar. Sjálfbærnihugsun hjálpar okkur við það verkefni.

Sterkt bakland og sýnin til framtíðar

Að baki Orkídeu standa öflugir bakhjarlar: Landsvirkjun, SASS, Landbúnaðarháskóli Íslands og Umhverfis-, loftslags- og orkuráðuneyti. Hvernig nýtist þessi breiði og sterki bakgrunnur ykkur í daglegu starfi og við framgang verkefna?

Allir þessir aðilar koma með, auk fjármagns, mikinn þekkingarauð og tengslanet með sínum starfsmönnum og aðstoða okkur í verkefnum á ýmsan hátt. Þetta góða samstarf getur og hefur leitt til sameiginlegra verkefna sem skila Suðurlandi miklum ávinningi.

Ef frumkvöðull eða fyrirtæki á Suðurlandi situr núna á góðri hugmynd tengdri orku og matvælaframleiðslu, hvers vegna ætti viðkomandi að banka upp á hjá ykkur?

Orkídea getur aðstoðað frumkvöðla og fyrirtæki á margvíslegan hátt. Ef hugmyndin er góð getum við gert sameiginlega umsókn í stærri sjóði sem flýttir fyrir þróun vöru og þjónustu. Í öðru lagi getum við hugsanlega aukið tengslanet viðkomandi frumkvöðuls sem aftur getur leitt til skjótari árangurs. Í þriðja lagi getum við veitt almenn ráð varðandi viðskiptaáætlun t.d. í samvinnu við byggðapróunarfylltrúa á Suðurlandi á vegum SASS. Samvinna allra stuðningsaðila skiptir sköpum og að henni viljum við stuðla.



„Síðast en ekki síst er það skylda okkar að skila jörðinni jafngóðri eða betri til afkomenda okkar. Sjálfbærnihugsun hjálpar okkur við það verkefni.“



Að lokum, ef við horfum fimm ár fram í tímann – hvar sérðu Orkídeu stadda og hvert er stóra lokamarkmiðið með allri þessari vinnu?

Mín sýn er að Orkídea verði enn sterkari hlekkur í víðtæku nýsköpunarstarfi sunnlenskra fyrirtækja þar sem hringrásarhugsun skilar okkur mikilli verðmætasköpun og góðu orðspori í sjálfbærri matvælaframleiðslu og líftækni. Tækifærin eru svo fjölmörg hér á Suðurlandi og við ætlum saman að nýta þau enn betur.

Terraforming LIFE - frá úrgangi til orku

Eitt af stærstu og metnaðarfullstu verkefnum sem Orkídea kemur að er Terraforming LIFE. Markmið þessa stóra samstarfsverkefnis er að hanna og þróa nýja tækni til að framleiða hágæða lífáburð og lífgas úr hliðarstraumum – nánar tiltekið úr mykju frá landbúnaði og lífrænum úrgangi frá landeldi á fiski.

Verkefnið tengir þannig saman bláa og græna hagkerfið á Suðurlandi í eina öfluga hringrás þar sem nánast ekkert fer til spillis. Með því að umbreyta úrgangi í verðmætar afurðir á hagkvæmari hátt en áður er stigið stórt skref í átt að umhverfsvænni og sjálfbærari matvælaframleiðslu.

Verkefnið hlaut veglegan styrk úr Umhverfis- og loftslagsáætlun Evrópusambandsins (CINEA) og er unnið í þéttu samstarfi First Water, Bændasamtaka Íslands, Orkídeu, Ölfus Cluster og færeysku verkfræðistofunnar SMJ.



Árið 2025

Árið 2025 var afar viðburðaríkt í framgangi verkefnisins og einkenndist af öflugum samstarfi bæði innanlands og utan:

- **Rýnt í lausnir á alþjóðavettvangi:** Starfsfólk Orkídeu og samstarfsaðilar fóru í dýrmætar vettvangsferðir til Færeyja og Belgíu til að kynna sér starfsemi lífgas- og áburðarvera. Í Færeyjum var Förka lífgasveríð heimsótt, sem er afar sambærilegt við það sem stefnt er að í Þorlákshöfn, en þar er blandað saman fiska- og kúamykju með frábærum árangri. Reynsla færeyskra bænda sýnir minni þörf á tilbúnum áburði og umtalsverðan sparnað.
- **Terraforming LIFE á stóra sviðinu:** Verkefnið var í brennidepli á Lagarlífi, stærstu fiskeldisráðstefnu Íslands, þar sem yfir 700 þátttakendur komu saman. Þar stýrðu fulltrúar Orkídeu og First Water málstofu og pallborðsumræðum um tækifæri og áskoranir þess að umbreyta fiskeldismykju í verðmæti.
- **Vel sótt ráðstefna á Selfossi:** Til að efla þekkingarmiðlun heima fyrir stóð Orkídea, í samstarfi við Eim, fyrir stórrí ráðstefnu um lífgas- og áburðarframleiðslu á Selfossi í júní. Terraforming LIFE var aðalbachjarl viðburðarins og var verkefninu, ásamt Value4Farm, gerð ítarleg skil með fyrirlestrum og kynningarefni. Viðburðurinn myndaði afar mikilvægan vettvang fyrir samtalið við bændur, stofnanir og atvinnulíf á Suðurlandi.
- **Vel heppnuð úttekt ESB:** Seint á árinu tók verkefnishópurinn á móti fulltrúum frá CINEA og umsjónar- og eftirlitsstofnun Evrópusambandsins. Farið var yfir stöðu verkefnisins og framhaldið kortlagt. Gestirnir fengu jafnframt að berja augum hið mikla athafnasvæði First Water í Þorlákshöfn, sem er ein stærsta fjárfesting Íslandssögunnar.

Framtíðin er björt

Vinna við Terraforming LIFE hefur sýnt fram á gríðarleg tækifæri fyrir Suðurland. Með nýsköpun, samvinnu atvinnugreina og alþjóðlegri þekkingu er verið að leysa úrgangsvandamál og búa til vistvæna orku og áburð sem styrkir samkeppnisstöðu íslensks landbúnaðar og landeldis til framtíðar.

Value4Farm - Orka og áburður úr heimabyggð

Orkídea er stoltur þátttakandi í Value4Farm, víðtæku evrópsku samstarfsverkefni sem fjármagnað er af Horizon Europe áætlun Evrópusambandsins. Tilgangur verkefnisins er að efla staðbundna, endurnýjanlega orkuframleiðslu í landbúnaði á sama tíma og stutt er við aukna sjálfbærni, verndun jarðvegs og líffræðilega fjölbreytni. Verkefnið er leitt af belgíska rannsóknarfyrirtækinu Inagro og samanstendur af 14 öflugum samstarfsaðilum úr rannsókn- og tæknigeiranum víðs vegar í Evrópu.

Sunnlenska módelið

Hér á landi vinnur Orkídea að því að útfæra og kynna fýsileika þess að reisa lífgas- og áburðarver sem byggir á samvinnu kúa- og garðyrkjubænda, til að mynda í nágrenni Reykholts í Bláskógabyggð.

Hér er um sanna hringrás að ræða: Kúabændur leggja til mykju og garðyrkjubændur lífrænan úrgang. Eftir loftfirrða gerjun í lífgasveri verður til orka (hiti og rafmagn eða metan) og koltvísýringur sem nýtist beint til ræktunar í gróðurhúsum. Að auki fá bændur til baka næringarríkan lífrænan áburð sem er betri en hefðbundin mykja og dregur úr þörf á tilbúnum áburði.



Árið 2025

Verkefnið hefur verið á mikilli ferð á liðnu ári, bæði í tækniþróun og alþjóðlegu samstarfi:

- **Skoðunarferðir og innblástur:** Orkídea skipulagði fróðlega ferð til Belgíu þar sem sunnlenskir bændur gátu kynnt sér lífgastækni af eigin raun. Þá sóttu fulltrúar Orkídeu verkefnafund á Ítalíu og heimsóttu glæsilegt lífgasver sem nýtir m.a. tómatahrat til orku- og áburðarframleiðslu. Á þeim fundi kynntu þeir Sveinn og Magnús framgang verkefnisins í Bláskógabyggð.
- **Byltingarkennd tækni:** Innan verkefnisins er unnið að þróun spennandi tækni, m.a. frumgerðar af örtúrbinum (frá Mitis) sem nýta lífgas til að framleiða hita og rafmagn algjörlega án bruna, sem skilar umtalsvert betri skilvirkni og minni viðhaldspörf.
- **Alþjóðlegur sýnileiki:** Value4Farm gerðist aðili að AREA ZERO, evrópsku samstarfsneti verkefna sem miða að því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis í landbúnaði. Verkefnið var jafnframt kynnt á fjölda ráðstefna, þar á meðal af hálfu IUNG í Póllandi í mars 2025 þar sem áherslan var á endurvinnslu lífræns úrgangs.
- **Öflug miðlun og ráðstefna á Selfossi:** Orkídea stóð fyrir fjölsótttri ráðstefnu um lífgas- og áburðarframleiðslu á Selfossi í byrjun júní 2025, í samstarfi við Eim. Þar var Value4Farm verkefnið kynnt sérstaklega með fyrirlestri og upplýsingaefni, samhliða verkefninu Terraforming LIFE, og vakti framtíðarsýn verkefnisins mikla athygli fundarmanna.

Mikill meðbyr á Suðurlandi

Vitund og áhugi bænda á uppsetningu líforkuvera vex nú hröðum skrefum á Suðurlandi. Til að svara þessu kalli og efla umræðuna stóð Orkídea, eins og áður segir, fyrir vel heppnaðri ráðstefnu á Selfossi síðastliðið sumar þar sem þessi mál voru krufin til mergjar. Þótt Value4Farm verkefninu ljúki formlega árið 2027 er nú þegar verið að leggja traustan grunn að orkuskiptum og aukinni verðmætasköpun í íslenskum landbúnaði til framtíðar.

Stjórn Orkídeu 2025



Ingunn Jónsdóttir



Kjartan Ingvarsson



Ragnheiður I. Þórarinsdóttir



Ríkarður Ríkarðsson

Starfsmenn og verkefnastjórn Orkídeu



F.v. Dóra Björk Þrándardóttir (Landsvirkjun), Steinar B. Aðalsteinsson (LbhÍ), Áshildur Bragadóttir (LbhÍ), Stefán Friðrik Friðriksson (verkefnastjóri miðlunar), Einar Mäntylä (nýsköpunarráðgjafi), Helga Gunnlaugsdóttir (rannsókn- og þróunarstjóri), Sveinn Aðalsteinsson (framkvæmdastjóri), Árni Eiríksson (SASS), Bríet Ósk Magnúsdóttir (Landsvirkjun), Magnús Yngvi Jósefsson (verkefnastjóri hringrásargarða).



Greiða leið nýsköpunar og stuðla að samvinnu

Við brúum bilið milli vísinda og atvinnulífs með því að miðla nýjustu rannsóknum og þróun beint til fyrirtækja, frumkvöðla og annarra hagaðila. Við veitum markvissan stuðning við þekkingaröflun til að efla samkeppnishæfni og hvetja til samstarfs.



Greining hindrana og upplýsinga

Kortlagning á regluverki, lagaumhverfi og stöðu innviða. Við greinum þarfir fjárfesta og atvinnulífs með það að markmiði að finna raunhæfar lausnir sem ryðja hindrunum úr vegi og greiða leið nýsköpunar.



Öflun verkefna

Við styðjum markvisst við bakið á frumkvöðlum og fyrirtækjum við fjármögnun nýsköpunar. Það gerum við meðal annars með því að leiða eða taka þátt í gerð metnaðarfullra umsókna í innlenda og erlenda samkeppnissjóði og draga þannig mikilvægt fjármagn að verkefnum á Suðurlandi.



Umsjón nýsköpunarverkefna

Við veitum faglega og markvissa verkefnastjórn í fjölbreyttum nýsköpunar- og rannsóknarverkefnum. Við höldum þétt utan um ferlið frá upphafi til enda og tryggjum að metnaðarfullar hugmyndir verði að raunverulegum lausnum sem skila árangri.



Samvinna um þróunarverkefni á landsvísu

Við byggjum brýr þvert á landshluta með því að taka virkan þátt í fjölbreyttum rannsóknar- og nýsköpunarverkefnum um allt land. Með víðtæku samstarfi deilum við þekkingu, nýtum samlegðaráhrif og eflum nýsköpunarumhverfið á Íslandi í heild.

Yfirlit yfir starfsemi ársins

Janúar

Undirritun samstarfssamnings við Matís, sem styrkir rannsóknasamstarf Orkídeu.

Þátttaka í vefnámskeiði WBA um bestun á rekstri lífgasvera, liður í þekkingaruppbyggingu fyrir innlend verkefni

Þátttaka í Blue visions workshop hjá Íslenska Sjávarklasnum

Erindi á ráðstefnu Geothermal Bridge Initiative í Rúmeníu

Fundur með starfsmönnum EFLU um vinnslu lífræns úrgangs frá fiskeldi

Mars

Rekstrarfélagið Lífgas ehf. formlega stofnað í Reykholti utan um fyrirhugaða lífgas- og áburðarvinnslu í Uppsveitum.

Þátttaka í málstofu Matís um nýtingu fiskeldisseyru í áburð

Fundur með heimamönnum í Hrunamannahreppi um nýsköpunartækifæri í tengslum við verkefni okkar og BaseLoad Power um hagkvæmnimat smávirkjana.

Umsókn skilað í Próunarsjóð garðyrkjunnar varðandi undirbúning lífgasvers í Uppsveitum.

Erindi um lífgas á aðalfundi Búnaðarsambands Suðurlands í Vík

Þátttaka í 2 ESB webinars a) Horizon Europe skrif b) Lump sum funding aðferðir

Maí

Staðfundur í Terraforming LIFE verkefninu í Þorlákshöfn til að skerpa á framgangi verkefnisins eftir breytingar á samningi.

Fundur með Clara Arctic Energy um Terraforming LIFE og nýja möguleika í tengslum við sjókvía- og landeldi

Nýsköpunarvikan: Orkídea stóð fyrir viðburðinum "Regional Power: Igniting Innovation in Iceland's Energy Landscape" í samstarfi við Landsvirkjun, Eygló, Eim og Bláma

Umsókn skilað í Loftslags- og orkusjóð í samstarfi við Lífgas ehf.

Febrúar

Kynning á Terraforming LIFE verkefninu fyrir Landsvirkjun.

Kynning á Orkídeu hjá háskólaráði Lbhí.

Umsókn skilað í samstarfi við Matís, Land og skóg, Skógræktarfélag Árnesinga og Samherja um nýtingu viðarflísa til að hreinsa affallsvatn landeldis (Woodchips for recirculating nitrogen).

Vinnufundur með Landsvirkjun og Rangárþingi ytra um þróun græns iðngarðs á Strönd á Hellu

Apríl

Þátttaka í ráðstefnu um Auðgandi landbúnað

Fundur hjá Búnaðarfélagi Skeiða og Gnúpverjahrepps & kynning á lífgas- og áburðarveri í uppsveitum Árnessýslu

Erindi á kynningarfundi Landsnets á Selfossi

Vinnustofa með öllum umsækjendum í CIRCLE of LIFE verkefnið (LIFE SIP umsókn)

Júní

Fundur með fyrirtækjasviði Arion banka v/ lífgas- og áburðarvers í uppsveitum

Lykilviðburður ársins: Ráðstefna Orkídeu og Eims um lífgas- og áburðarframleiðslu. Um 140 manns sóttu ráðstefnuna sem var bæði í sal og á netinu.

Aðalfundur Orkídeu og útgáfa ársskýrslu 2024.

Skrifað undir viljayfirlýsingu við Orku náttúrunnar (ON) um samstarf í nýsköpun og aðstöðu fyrir frumkvöðla í Jarðhitagarði ON.

Janúar – júní 2025

Yfirlit yfir starfsemi ársins

Júlí

Fundur með Mjólkursamsólunni (MS) og MBF vegna mögulegrar nýtingar úrgangs í fyrirhugað lífgas- og áburðarver.

Yfirferð og mat tilboða vegna vistferlisgreininga (LCA) fyrir Terraforming LIFE verkefnið.

Mikil áhersla í mánuðinum á umfangsmikil umsóknarskrif fyrir Evrópuverkefnið CIRCLE of LIFE (LIFE SIP) og ACCELERATE (Horizon Europe).

September

Fundur með sérfræðingum Matvælastofnunar um reglugerðir og nýtingu fiskamykju í lífrænan áburð.

Fyrsta þrepi stóru Evrópuumsóknanna CIRCLE of LIFE og ACCELERATE skilað inn formlega.

Þátttaka í alþjóðlegum verkefnafundi Value4Farm í Piacenza á Ítalíu.

Fundur með MS á Selfossi um nýtingu úrgangstrauma í lífgasframleiðslu.

Kynning og málstofa um Terraforming LIFE á ráðstefnunni Lagarlíf / Aqua-ICE (stóð til 1. okt).

Nóvember

Þátttaka í haustfundi Landsvirkjunar og formleg staðfesting á að 1. þreps umsókn CIRCLE of LIFE væri samþykkt hjá ESB.

Kynnisferð með sunnlenskum bændum til Belgíu á vegum Value4Farm til að skoða lífgas- og áburðarver

Fundur með Skinney-Þinganesi og fl. um staðbundna áburðar- og lífgasframleiðslu.

Fundur með Eim og Landsvirkjun um framtíðaruppbyggingu á Bakka á Húsavík.

Sérfræðinámskeið í umsóknarskrifum fyrir annað þrep CIRCLE of LIFE verkefnisins.

Júlí - september 2025

Ágúst

Heimsókn eftirlitsaðila frá CINEA (ESB) til Íslands til að fara yfir stöðu og framgang Terraforming LIFE verkefnisins.

Heimsókn í starfsstöðvar PureNorth í Reykjavík og Hveragerði.

Fundur með þverfaglegum vinnuhópi um virðisaukningu og nýtingu á fiskamykju.

Heimsókn á kúabúið að Kolsholtshelli í Flóa til að skoða möguleika á smáskala-lífgasveri.

Kostnaðarskýrsla Orkideu fyrir fyrstu 18 mánuði Value4Farm verkefnisins samþykkt af ESB.

Október

Fundur með Orku náttúrunnar (ON) um áframhaldandi samstarf á sviði nýsköpunar.

Þátttaka í viðskiptasendinefnd til Finnlands í fylgd forseta Íslands. Fundað með finnskum tækniyrirtækjum og gagnaverinu AtNorth.

Skoðunarferð á Syðstu-Mörk til að kynna sér uppbyggingu Marea.

Þátttaka í NextBite ráðstefnunni á vegum EIT Food.

Fundur um tækifæri Solar Foods á Íslandi til einfrumupróteínframleiðslu með jarðhita.

Þátttaka á Nýsköpunarþingi auk áframhaldandi mentorvinnu fyrir sprotafyrirtæki í StartUp Landið.

Desember

Kynning á Terraforming LIFE fyrir hagaðilum í áburðariðnaði

Fundur með 4D Bios um lóðréttu ræktun.

Kynnisferð til Færeyja með sunnlenskum bændum til að skoða Förka lífgas- og áburðarverið á vegum Value4Farm.

Orkídea sat í dómnefnd fyrir samfélagshraðalinn Snjallræði.

Fundur með Reykjavíkurborg um þróun hringrásargarða.

30

Fréttir á vefsíðu Orkedíu



Febrúar 2025

Skoðunarferð í VAXA til að kanna lóðréttu ræktun

Hringrásargarðar á Íslandi

Article snippet about circular economy with photos of people and a factory.

1. apríl 2025

Grein starfsfólks Orkídeu í Bændablaðinu um hringrásagarða á Íslandi

3

Umsóknir í sjóði ESB

80

Heimsóknir til fyrirtækja og hagaðila

1.076

Milljónir króna inn á svæðið 2021-2025

4

Umsóknir í
innlenda
samkeppnissjóði



Júní 2025

Frá undirskrift viljayfirlýsingar milli Orkídeu og Orku náttúrunnar. Sérstaklega tengt starfseminni í Glöð, nýja nýsköpunarhúsinu á Vestur-Suðurlandi.



Júní 2025

Pallborð á lífgasráðstefnu sem fram fór á Hótel Selfossi

120

Birtingar á
samfélagsmiðlum
Orkídeu

24

Umfjallanir í
ljósvaka- og
prentmiðlum



Maí 2025

Orkídea og samstarfverkefni með vel heppnaðan viðburð á Iceland Innovation Week



Asturvegur 56
800 Selfoss
orkidea@orkidea.is
www.orkidea.is